

88.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 20.mars 2018 kl. 17.00.

Mættir: Erla, Guðbrandur, Aron, Þórunn, Hulda og Gry. Alex tók þátt gegnum tölvu.

Hulda Elsa setti fundinn og fagnaði því að ný stjórn væri öll mætt til starfa og sagðist hlakka til samstarfsins.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skipan i nefndir.
Guðrún Inga Guðmundsdóttir var skipuð formaður aganefndar. Með henni í nefndinni Grétar Dór Sigurðsson. Fjögur nöfn nefnd á þriðja mann.
Þórunn hefur samband við Guðrúnu og fær netfang og síma. **Gry** hefur samband við hina og fær staðfestingu.
Í mótanefnd voru skipuð Þórunn Lilja Vilbergsdóttir formaður og með henni Alex, Ingimundur Björgvinsson og Inga Rós Georgsdóttir.
Gry hefur samband við Ingu Rós og Ingimundur og fær staðfestingu.
3. Umsókn til afrekssjóðs
Drög að umsókn um styrk frá afrekssjóði lögð fram unnin af Alex og Guðbrandi og rædd. Ákveðið var að bæta við í liðnum um styrki til einstakra afreksmanna til að geta styrkt fleirum í A-hópi. Ákveðið var að miða styrki við keppendur í opnum flokki.
Ákveðið að Júlían, Viktor og Fanney fái úthlutað amk sömu upphæð og í fyrra.
Guðbrandi og **Alex** falið að uppfæra umsóknina í samræmi við umræðuna og senda til afrekssjóðs fyrir mánaðarmót.
Alex falið að ganga frá skilgreinina fyrir styrki 2017 áður en frestur rennur út.
4. Ráðning íþróttastjóra
Ákveðið að ráða Viðar Bjarnason í starfið með þriggja mánaða reynslutíma.
Guðbrandi falið að hafa samband við hann og koma á fundi með honum, Huldu, Gry og Guðbrandi.
Hulda gerir drög að ráðningasamningi.
5. Ráðning starfsmanns á skrifstofu
Ákveðið að bjóða Gry 25% starf á skrifstofu.
Hulda gerir drög að ráðningasamningi.
6. Landsliðsbúningar
Ákveðið var að semja við Errea um nýja landsliðsbúninga. **Gry** falið að fá verð.
Ákveðið að landsliðsmenn í A og B opnum flokki fái búninga til eignar. Fyrst um sinn mun sambandið lána keppendum í öðrum flokkum búninga gegn kvittun.
Gry fær staðfestingu um að nota megi auglýsingar á liðsbúningum.

7. Samstarf við ÍF.

Leitað hefur verið til KRA um aðstoð við að halda ÍM fatlaðra í apríl. Stjórnin vill gjarnan geta aðstoðað og ákveðið var að Gry gerir lokatilraun til að finna sjálfbóðaliða til aðstoðar. Stjórnin er tilbúin til viðræðna við ÍF um leiðir til formlegs framtíðarsamstarfs í þágu fatlaðra kraftlyftingamanna ef þess er óskað.

8. Breytingar á reglugerðum

Verða afgreiddar í tölvupóstum fyrir næsta fund.

9. Landsliðslágmörk

Tillaga hefur borist frá þingskipuðu nefndinni. Stjórnin þarf tíma til að skoða betur. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

10. RIG 2019

Frestað til næsta fundar.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 18.50

Næsti fundur þriðjudaginn 10.apríl

Fundarritari Gry Ek